

Hafnarfjörður 29. október 2013

Merkingar í Hafnarfirði – framkvæmda- og kostnaðaráætlun 2013-2015

Í Ferðamálastefnu Hafnarfjarðar, sem samþykkt var í upphafi þessa árs, er eitt brýnasta verkefnið að vinna að gerð merkinga og uppsetningu þeirra. Mikið hefur verið rætt um að merkingum sé ábótavant og þar sérstaklega horft til þeirrar miklu umferðar sem liggur til og frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Á þeirri leið er fátt sem bendir á Hafnarfjörð sem mögulegan áningarstað.

Menningar- og ferðamálanefnd og Umhverfis- og framkvæmdaráð fóru Marín Hrafnadóttur og Helgu Stefánsdóttur að vinna framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna merkinga á fundum sínum á ágúst s.l. til samræmis við áherslur í ferðamálastefnunni.

2013

Skilti við Reykjanesbrautina. Sett verða upp 3 skilti. Þessi skilti eru svokallaður athyglisvaki fyrir ferðamenn og eru 1.5 metri á breidd og um 1.2 á hæð. Textinn verður ásamt mynd; Look out for the elves, Town in the Lava og the Viking town og álfaslóðir, bærinn í hrauninu og víkingabærinn á íslensku. Verklök eru áætluð fyrir áramót 2013. Haldnir hafa verið tveir fundir með Vegagerðinni og hefur fullt samráð verið haft um útlit og staðsetningu enda er Reykjanesbrautin í eigu ríkisins.

Kostnaður:

Hönnun á útliti skilta kr. 200.000 án vsk.

Álplata með litprentuðum merkingum - stærð 150-110cm kr. 40.000 per skilti m vsk

Uppsetning og efni til uppsetningar kr. 100.000,- per skilti m.vsk

Kaup á teiknuðu miðbæjarkorti. Borgarmynd ehf. er að vinna kort af miðbæ Hafnarfjarðar, frá Hellisgerði og sem ná mun eftir allri strandlengjunni. Kortið er teiknað og málað og nýtist vel í allt markaðssefni Hafnarfjarðar s.s. vegna Jólaborpsins, í ferðamannabæklinga og víðar. Verklök eru áætluð í febrúarlök 2014 en vinna hefst á árinu 2013.

Kostnaður:

Hönnun/teiknun á fyrsta hluta kortsins kr. 800.000 án vsk.

Áætlaður kostnaður á árinu 2013 er um 1.500.000. Á fjárhagsáætlun ferðamála er gert ráð fyrir þessum kostnaði.

2014



Kaup á teiknuðu miðbæjarkorti. Áframhald á vinnu við teiknað kort. Borgarmynd ehf. mun klára kort af miðbæ Hafnarfjarðar.

Kostnaður:

Hönnun/teiknun á fyrsta hluta kortsins kr. 400.000 án vsk.

Götukort fyrir ferðamenn. Sett verða upp tvö ný upplýsingaskilti með nýja miðbæjarkortinu, við Hótel Hafnarfjörð og á tjaldstæðið á Víðistaðatúni. Að auki verða nýjar filmur settar í núverandi skilti við Fjörukrá, inni í Firði og á skiltið við Bókasafn Hafnarfjarðar.

Kostnaður:

Hönnun á útliti (kort Borgarmyndar í forgrunni) kr. 100.000 án vsk.

Álplata með litprentuðum merkingum - stærð 185*140 cm kr. 65.000 per skilti m vsk

Litprentaðar merkingar án álplötu – stærð 185*140 cm kr 50.000,- per skilti m vsk

Litprentaðar merkingar án álplötu – stærð 29*178 cm kr 15.000,- per skilti m vsk

Smíði á einum standandi og uppsetning við Hótel Hafnarfjörð kr. 300.000,-til 500.000,-m vsk
Rammaskilti úr tré stærð ca 140x185 sm, (spurning með fótfestingar). Álvinklar í bak,brúnn
12mm olíusoðinn krossviður á álvinkla

Smíði á ramma sem settur verður á þjónustuhús tjaldstæðis og vinna kr. 100.000,-

Áætlaður kostnaður 2014 er um 1.500.000,-

2015

Könnun á merkingum

Nauðsynlegt er að yfirfara hvernig þjónusta í bænum er almennt merkt. Í dag eru í merkingar í bænum í ágætu lagi sem vísa á tjaldstæðið og sundlaugar.

Einkafyrirtæki í bænum hafa óskað eftir því að vera merkt með merkingum sem vísi veginn að þeirra starfsemi og er því nauðsynlegt að marka stefnu varðandi merkingu fyrirtækja og einka aðila. Eins hefur verið kallað eftir skilti sem væri á áningarstað með korti af bænum og þjónustumerkingum. Þá er möguleiki að setja upp innanbæjarskilti með fróðleik um sögu og sérkenni.

Helga Stefánsdóttir

Marín Hrafnisdóttir



HAFNARFJÖRÐUR